



SAMTÖK ATVINNULÍFSINS

Nefndasvið Alþingis
Menntamálanefnd
Austurstræti 8-10

150 Reykjavík

Alþingi
Erindi nr. P 139/
komudagur 29.3.2011

Reykjavík 28. mars 2011

Efni: Umsögn SA um tillögu til þingsályktunar um menntun og atvinnusköpun ungs fólks, þskj. 736 – 449 mál.

Í nefnd forsætisráðherra um atvinnumál og efnahagsmál sem hóf störf 11. febrúar s.l. hafa verið unnar tillögur sem, ef sátt næst um þær í nefndinni, ná til þeirra þáttanna sem taldir eru upp í þessari tillögu til þingsályktunar. Tillögurnar eru annars vegar um starfstengd vinnumarkaðsúrræði og hins vegar um átak í menntamálum. Nefndin er skipuð fulltrúum flokka í stjórn og stjórnarandstöðu auk aðila vinnumarkaðarins og fulltrúum margra ráðuneyta. Þess er að vænta að tillögunum verði skilað til forsætisráðherra á næstunni.

Í drögum að tillögum nefndarinnar um starfstengd úrræði er gert ráð fyrir að fjölga þeim sem í þau fara um helming á árinu 2011 frá því sem var 2010.

Tillögur að átaki í menntamálum verða í nokkrum liðum samkvæmt drögum, m.a. að auka og skapa ný námsúrræði með séstakri áherslu á starfstengt nám og nám í skipandi greinum. Átakið nái til framhaldsskóla, framhaldsfræðslu og háskólastigs. Menntaátakið er hugsað til þriggja ára en jafnframt er ætlunin að hugsa lengra enda hafa verið sett metnaðarfull markmið um hlutfall fólks á vinnumarkaði sem hafa hafi lokið námi í framhaldsskóla árið 2020.

Í drögum um menntaáttak er gert ráð fyrir að frekari stefnumótun til lengri framtíðar, mat á fram komnum lausnum og leit að nýjum fari fram í breiðu samráði undir forystu stjórnvalda. Samtök atvinnulífsins telja að sú vinna eigi að vera undir stjórn fagráðuneytis menntamála fremur en forsætisráðuneytis, þegar nefndin sem nú starfar hefur skilað af sér til forsætisráðherra.

SA telja brýnt að samtökin taki þátt í stefnumótun í menntamálum til lengri framtíðar. Nauðsynlegt er að fulltrúar atvinnurekenda úr fleiri greinum en iðnaði komi að þeim málum, mikið er rætt um að ferðaþjónusta sé einn af vaxtarbroddum sem hlúa þarf að og gera þurfi sérstakt átak í menntun þar, sama á við um verslun og þjónustu svo dæmi séu nefnd.

f.h. Samtaka atvinnulífsins,

Guðrún Eyjólfsson